

# Fundargerð 254. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 5. október 2021  
**Fundartími:** 9:00 – 12:20  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Hrafnkell Guðnason varaoddviti  
Margrét Jónsdóttir  
Rósa Matthíasdóttir  
Sigurður Ingi Sigurðsson  
Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að bæta við fundargerðina lið nr. 25, Önnur mál - Erindi frá Gagnaveitu Reykjavíkur. Engar athugasemdir gerðar.

## **Dagskrá:**

### **1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 223, dags. 08.09.2021**

#### **a) Vælugerðiskot L166404 og Þingdalur land 209949; Skilgreining bygginga; Deiliskipulag – 2105028**

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag í landi Vælugerðiskots og Þingdals eftir auglýsingu. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, reiðskemmu og vélaskemmu. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og brugðist hefur verið við athugasemdum sem fram komu innan umsagna með uppfærslu á deiliskipulagstillögu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi í landi Vælugerðiskots L166404 og Þingdals L209949 eftir auglýsingu, þar sem gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi, reiðskemmu og vélaskemmu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust á auglýsingatíma. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **b) Lækjarholt 1 L231163 og Lækjarholt 2 L231164; Veglagning; Framkvæmdaleyfi – 2109001**

Lögð er fram umsókn Sigurðar Péturssonar f.h. Bryneyjar ehf, dags. 31. ágúst 2021, um framkvæmdaleyfi til að hefja vegaf framkvæmdir innan Lækjarholts 1 og Lækjarholts 2. Búið er að útbúa vegtengingarstút inn á lóðirnar út frá Langholtsvegi með leyfi Vegagerðar þar sem ekki var hægt að komast inn á landið að öðru leyti. Staðsetning á vegstúti er skv. umsögn Vegagerðarinnar frá 2020 vegna nýrrar vegtengingar að lóðunum. Frekari vegaf framkvæmdir eru fyrirhugaðar samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti sem er í skipulagsferli. Áætlað er að efni í vegaf framkvæmd verði fengið úr Ingólfsfjalli.

*Þar sem deiliskipulag svæðisins hefur verið samþykkt til kynningar og vegna lítils umfangs skipulagssvæðisins mælist skipulagsnefnd UTU til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verði grenndarkynnt með viðeigandi hætti í samræmi við 44. gr. sömu laga.*

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar að Lækjarholti 1 og Lækjarholti 2. Fyrir liggur uppdráttur sem er í skipulagsferli og er fyrirhuguð vegagerð í samræmi við hann. Samþykki er fyrir vegstúti inn á Langholtsveg skv. umsögn Vegagerðarinnar frá 2020.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi beiðni og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni grenndarkynningu skv. 44. gr. sömu laga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Ásahraun L178801; Braggi 25 fm; fyrirspurn – 2108035**

Lögð er fram fyrirspurn frá Súsönnu Björk Torfadóttur er varðar bragga á lóð Ásahrauns L178801. Málið var tekið fyrir á 222. fundi skipulagsnefndar þar sem byggingarfulltrúa var falið að afla gagna er varðar skráningu núverandi húsa innan lóðarinnar. Lögð er fram samantekt byggingarfulltrúa vegna málsins.

*Samkvæmt samantekt byggingarfulltrúa eru í það minnsta 3 skráningarskyld hús innan lóðarinnar sem hafa ekki verið skráð innan fasteignaskrár auk smærri kofa og gróðurhúsa sem geta talist til tilkynningarskyldra framkvæmda. Auk þess virðist rekstur stundaður á svæðinu með útleigu gistihúsa án rekstrarleyfis eða skráðs heimagistingarleyfis. Vísar skipulagsnefnd því til fyrirspyrjanda að áður en bætt verði við fleiri húsum á svæðið verði komið á deiliskipulagi þar sem skilgreindir verði byggingarreitir og aðrar byggingarheimildir innan svæðisins. Samhliða verði unnið að skráningu núverandi mannvirkja. Nefndin mælist til þess að umsækjandi kynni sér leiðir til að sækja um rekstrarleyfi fyrir útleigu gistihúsa og/eða skráningu heimagistingar vegna starfseminnar og kynni sér heimildir er varðar rekstur á svæðinu innan aðalskipulags Flóahrepps. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að veita ráðgjöf og aðstoð vegna málsins.*

Lögð er fram fyrirspurn frá eigendum Ásahrauns L178801 vegna bragga á lóð Ásahrauns L178801. Sveitarstjórn Flóahrepps bendir eigendum Ásahrauns á nauðsyn þess að láta gera deiliskipulag af svæðinu og felur skipulagsfulltrúa að veita eigendum Ásahrauns L178801 ráðgjöf vegna skipulags á svæðinu. Umsóknum um rekstrarleyfi ber að skila til sýslumannsembættisins á Suðurlandi sem sér um leyfisveitingar til rekstraraðila.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21 – 147 – 2108002F**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 01.09.2021

**2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 224, dags. 22.09.2021**

**a) Glóra l66231; Aðalskipulagsbreyting**

Lögð er fram umsókn frá Hrafnkeli Guðnasyni er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps. Í breytingunni felst skilgreining á íbúðarsvæði í landi Glóru. Lögð er fram skipulagslýsing vegna verkefnisins.

*Fyrir liggja tvær sambærilegar umsóknir til sveitarfélagsins er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem taka til nýrra íbúðabyggða. Í samræmi við bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 6. júlí 2021 er unnið að lýsingu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til áður umsóttar landnotkunarbreytinga að Arnarstaðakoti og Skálmholtslandi. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð skipulagslýsing verði samþykkt til kynningar og umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er mælt til þess að umsóttar breytingar verði settar fram sem ein tillaga aðalskipulagsbreytingar. Hrafnkell Guðnason vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

Lögð er fram umsókn frá Hrafnkeli Guðnasyni um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem felur í sér skilgreiningu á íbúðarsvæði í landi Glóru L166231. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu til kynningar og umsagnar í samræmi við 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að leggja fram breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga er varða land Glóru samhliða breytingum er varða Arnarstaðakot og Skálmholt. Hrafnkell Guðnason vék af fundi sveitarstjórnar við afgreiðslu málsins.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

**b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21 – 149 – 2108002F**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 15.09.2021

**3. Erindi frá eigendum Tungu í Flóahreppi – skipulagsmál**

Lagt er fram afrit af erindi til Árborgar frá eigendum Tungu í Flóahreppi sem varðar skipulagsmál í Hólum sem er í næsta nágrenni Tungu en innan sveitarfélagamarka Árborgar. Sveitarstjórn

Flóahrepps tekur undir áhyggjur og athugasemdir ábúenda í Tungu. Sveitarstjórn bendir á að í uppdráttum í skipulagsgögnum sem fylgja málinu eru sveitarfélagamörk Árborgar ekki rétt og er óskað eftir því að það verði lagfært. Bent er á að ef áform um uppbyggingu á stóru svínabúi verða að veruleika þá muni það orsaka lyktarmengun og aukna þungaumferð sem valdi verulegum óþægindum í næsta nágrenni. Einnig má benda á að fyrirhuguð frístundabyggð í landi Tungu og skilgreint frístundasvæði í aðalskipulagi Flóahrepps yrði í uppnámi ef af þessum framkvæmdum verður. Í skipulagslýsingu kemur ekkert fram um það hvar á að afsetja skít frá búinu eða hvernig koma á í veg fyrir mögulega mengun sem af þessu hlýst; lykt, hljóð og þungaumferð. Sveitarstjórn Flóahrepps beinir því til sveitarstjórnar Árborgar að nauðsynlegt er að það liggi fyrir hvar og með hvaða hætti skítur frá fyrirhuguðu svínabúi verði afsettur og hvernig það verði tryggt að næstu nágrannar verði ekki fyrir óþægindum eða mögulegu tjóni af starfsemi búans.

Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **4. Erindi frá Ómari Smára Kristinssyni – hjólaleiðir**

Lagt fram erindi frá Ómari Smára Kristinssyni sem vinnur að útgáfu á bók um hjólaleiðir. Í erindinu er óskað eftir því að fá að merkja reið/gönguleið með bökkum Hvítár/Ölfusár einnig sem hjólaleið. Umrædd leið liggur í gegnum land Stóra Ármóts, Hallanda 1 og 2, Langholts 1 og 2 og Oddgeirshóla. Tekið er fram að aðeins er um að ræða óvélvædd hjól en ekki vélknúin. Ekki er gert ráð fyrir hjólreiðum á reið- og göngustígum í Flóahreppi. Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir móttöku á erindinu og bendir á að forsenda breytinga er samþykki landeigenda og fulltrúa frá reiðveganefnd Sleipnis á breyttri notkun á stígum innan Flóahrepps. Eðlilegast er að breytingar á nýtingu stíga fái umfjöllun sem breyting á aðalskipulagi áður en opinberlega er gefið út efni um tiltekna umferð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **5. Samþykktir fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. UTU bs – fyrri umræða**

Lagðar fram til fyrri umræðu nýjar samþykktir fyrir samstarfsverkefni UTU bs.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við samþykktirnar eins og þær liggja fyrir og vísar þeim til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **6. Beiðni frá Sýslumanni Suðurlands umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um rekstrarleyfi – Bitra gistiheimili flokkur IV-D**

Með vísan í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, er lögð fram beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um gistileyfi frá Bitru gistiheimili ehf, Tröllhólum 1 Selfossi kt. 490921- 0280. Staðsetning gistiheimilis er Bitra land fnr. 220-0716.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins með fyrirvara um athugasemdalausar umsagnir annarra umsagnaraðila.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **7. Skólastefna Flóahrepps**

Lögð fram að lokinni samþykkt fræðslunefndar Flóahrepps skólastefna Flóahrepps 2022 – 2024. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við stefnuna eins og hún liggur fyrir og vísar henni til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **8. Samþykktir Flóahrepps – tillaga að breytingum - fyrri umræða**

Lögð fram tillaga að breytingum á 8 og 14. grein í samþykktum Flóahrepps.

8. gr. er

*Fundir sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 8:30.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis. Inn komi ný 2. mgr. og greinin verði þá svona:

## 8. gr. verði

### *Fundur sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 9.00.

Sveitarstjórnarfundi er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarfulltrúa eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

## 14. gr. er svona:

Sveitarstjórn getur ákveðið á sveitarstjórnarfundi að heimilt sé að nota fjarfundabúnað á fundinum í sérstökum tilvikum, sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 14. gr. verði:

### *Fjarfundabúnaður.*

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar breytingar á 8. og 14. grein í Samþykktum Flóahrepps og vísar þeim til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **9. Barnvæn samfélög – kynning**

Verkefnið er samstarfsverkefni UNICEF á Íslandi og Félagsmálaráðuneytisins. Var fyrst á dagskrá á 253. fundi sveitarstjórnar liður nr. 13 en óskað var eftir frekari kynningu á verkefninu. Afgreiðslu frestað en Marín Rós Eyjólfsdóttir og Hanna Borg Jónsdóttir munu kynna verkefnið síðar.

### **10. Ungmennaráð Flóahrepps 2021 – 2022 og fulltrúar í Ungmennaráð Suðurlands**

Fyrir liggur tillaga um að fulltrúar í ungmennaráði Flóahrepps verði eftirtaldir:

- Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir
- Einar Skeggjason
- Sara Ægisdóttir

Til vara:

- Guðmunda Steindórsdóttir
- Sigurjón Reynisson
- Sigurður Kristinn Sigurðarson

Fulltrúi í Ungmennaráði Suðurlands:

- Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir
- til vara Einar Skeggjason.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **11. Flóaljós – drög að samningi um þjónustu**

Afgreiðslu frestað. Samþykkt með 5 atkvæðum.

### **12. Erindi frá Gagnaveitu Reykjavíkur – vegna Flóaljóss**

Lagt fram erindi frá Elísabetu Guðbjörnsdóttur f.h. Gagnaveitu Reykjavíkur þar sem óskað er eftir viðræðum um kaup á ónotuðu ljósleiðararöri í eigu Flóaljóss sem liggur frá Selfossi að

Þjorsárbrú. Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ekki áhuga á að selja eignir Flóaljóss. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita frekari viðræður við fulltrúa Gagnaveitunnar um mögulega leigu á rörinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**13. Snjómokstur í Flóahreppi**

Fyrir liggur að samningar vegna snjómoksturs eru að renna út. Sveitarstjóra falið að vinna að gerð útboðsgagna vegna snjómoksturs í samráði við Vegagerðina á Selfossi og auglýsa eftir verktökum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**14. Fjárhagsáætlun 2022 – 2025 – tillaga að tímasetningu vinnufunda**

Samþykkt að halda 1. vinnufund sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar þriðjudaginn 19. október klukkan 9:00 í Þingborg. Gert er ráð fyrir að stjórnendur deilda mæti til fundar og fylgi eftir áætlunum fyrir sínar deildir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**15. Gjaldskrár – viðmið vegna ársins 2022**

Umræða um gjaldskrár og gjaldskrárhækkanir. Sveitarstjóra falið að stilla upp tillögum að gjaldskrár fyrir vinnufund sveitarstjórnarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**16. Alþingiskosningar 25. september 2021 – Upplýsingar um kjörsókn í Flóahreppi**

Kjörfundur var haldinn í Þjorsárveri og var kjörsókn í Flóahreppi 87,3 %. Á kjörskrá voru 483 en alls kusu 422.

**17. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021 – 2032 á Suðvesturlandi**

Lögð fram til kynningar og umsagnar á grundvelli 15. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021 – 2032 á Suðvesturlandi. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við áætlunina eins og hún liggur fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**18. Fyrirspurn frá foreldrafélagi Flóaskóla – tímalína aðgerða á skólalóð Flóaskóla**

Lagt er fram erindi frá foreldrafélagi Flóaskóla þar sem spurt er um stöðu mála varðandi skipulag og framkvæmdir á skólalóð Flóaskóla. Sveitarstjórn upplýsir að vinnuhópur undir leiðsögn Eflu verkfræðistofu var stofnaður s.l. vor. Vinnuhópurinn hefur unnið að þarfagreiningu í skólanum og á skólalóð Flóaskóla. Verkfræðistofan Efla ásamt vinnuhópi sem er samsettur af fulltrúum frá Flóaskóla og nærsamfélagi hafa komið saman að loknu sumarleyfi. Lögð voru fram drög að skipulagi sem vinnuhópurinn óskaði eftir smávægilegum breytingum á áður en þau kæmu til endanlegra afgreiðslu sveitarstjórnarinnar. Tillagan verður einnig lögð fram sem fullgild tillaga að deiliskipulagi og fer í ferli sem slík. Von er á fullbúinni tillögu fyrir afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022. Einnig liggur fyrir að gert var ráð fyrir fjármagni til kaupa og endurbóta á leiktækum í fjárhagsáætlun ársins 2021 og gert ráð fyrir að það fjármagn yrði nýtt á haustönn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**19. Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna – stuðningsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett í gang stuðningsverkefni/verkfærakistu fyrir sveitarfélög sem vinna að innleiðingu Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna. Verkefnið er tvískipt, annars vegar fyrir sveitarfélög sem ekki hafa hafið undirbúning eða markmiðasetningu og hins vegar þau sem eru lengra komin í innleiðingarferlinu. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir þátttöku í hópi 2 í verkefninu og felur sveitarstjóra að senda inn umsókn um þátttöku fyrir Flóahrepp.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**20. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Húsnæðissjálfsagnarstofnun á landsbyggðinni**

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar eftir því að sveitarfélög á landsbyggðinni taki afstöðu til hugmynda Húsnæðis og mannvirkjastofnunar um uppbyggingu almennt íbúða í þágu tekjulágra hópa á vinnumarkaði og þeirra hópa sem sveitarfélög bera sérstakar lagaskyldur

gagnvart, m.a. fötluðu fólki. Hugmyndir HMS fela í sér stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar sem starfaði á landsbyggðinni.

Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir yfir áhuga á að fylgjast með framvindu þessa verkefnis en tekur ekki formlega afstöðu til þátttöku í því á þessu stigi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**21. Erindi frá Sönnum Landvættum – uppbygging salernisaðstöðu á Þingborgarsvæði**

Lagt fram erindi frá Þórólfi Gunnarssyni f.h. Sannra landvætta um samstarf við sveitarfélagið og rekstraraðila í Gömlu Þingborg um rekstur almenningssalerna við Gömlu Þingborg.

Margrét Jónsdóttir vikur af fundinum við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en óskar eftir fundi með fulltrúum frá Sönnum Landvættum þar sem farið verður betur yfir fyrirkomulag samstarfs og önnur samningsatriði. Samþykkt með 4 atkvæðum.

**22. Erindi frá stjórn Rangárbakka – Landsmót á Gaddstaðafötum 2022**

Lagt fram erindi frá Kristni Guðnasyni f.h. stjórnar Rangárbakka þar sem óskað er eftir styrk til þess að halda Landsmót hestamanna 2022 á Gaddstaðafötum á Hellu.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**23. Fundargerðir:**

a) *Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 253, dags. 07.09.2021*

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) *Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 129, dags. 21.09.2021 ásamt starfsáætlun fræðslunefndar*

*2021 – 2022, matsskýrslu Flóaskóla og starfsáætlunum Krakkaborgar og Flóaskóla*  
Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar stjórnendum og starfsmönnum Flóaskóla greinargóða ársskýrslu fyrir árið 2020 – 2021 og gerir ekki athugasemdir við hana.

Starfsáætlun Flóaskóla fyrir árið 2021 – 2022 er samþykkt með 5 atkvæðum.

Starfsáætlun fræðslunefndar er samþykkt með 5 atkvæðum

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar stjórnendum Krakkaborgar fyrir greinargóða ársskýrslu fyrir árið 2020 – 2021 og gerir ekki athugasemdir við hana.

Samþykkt með 5 atkvæðum

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

c) *Framkvæmda- og veitunefndar Flóahrepps nr. 6 dags. 16.09.2021*

Liður 5: Vatnsveitumál.

Vatnsöflun í samstarfi við Grímsness- og Grafningshrepps er til skoðunar.

Liður 6: Áhaldahús.

Oddvita og sveitarstjóra er falið að vinna áfram að þarfagreiningu og mögulegum útfærslum á áhaldahúsi fyrir Flóahrepp.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) *Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 28.09.2021*

Liður 1.

Uppfærsla á ferðaþjónustukorti.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir hugmyndir nefndarinnar um uppfærslu á ferðaþjónustukorti fyrir Flóahrepp og felur atvinnu- og umhverfisnefnd að vinna málið áfram. Ekki er hægt að sækja um framlag til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eða í Uppbyggingarsjóð fyrir en umfang verks og tímalína liggja fyrir. Skriflegt samþykki allra viðkomandi landeigenda varðandi göngu/reið/hjólaleiðir þarf einnig að fylgja með umsóknum í þessa sjóði.

Liður 2.

Fyrirspurn um söfnun á rúlluplasti.

ÍGF keyrir hluta af því plasti sem fyrirtækið safnar til Pure North, ekki liggur fyrir hvaðan það plast kemur eða magn þess. Leggja þarf áherslu á að umgengni um notað rúlluplast sé góð þannig að það nýtist til endurvinnslu.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

e) *Stjórnar UTU nr. 88, dags. 08.09.2021*

- Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) *Stjórnar UTU nr. 89, dags. 22.09.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) *NOS dags. 13.09.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) *Stjórnar Tónlistarskóla Árnassýslu nr. 200 dags. 01.10.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) *Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 16, dags. 12.05.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) *Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 17, dags. 17.05.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) *Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 18, dags. 03.06.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) *Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 19, dags. 23.09.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) *Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 304, dags. 24.08.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) *Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 305, dags. 21.09.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) *Aðalfundar Háskólafélags Suðurlands dags. 19.05.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- p) *Aðalfundar Markaðsstofu Suðurlands dags. 12.05.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- q) *Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 1, dags. 07.06.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- r) *Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 2, dags. 14.06.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- s) *Stjórnar SASS nr. 572, dags. 03.09.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- t) *Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 901, dags. 24.09.2021*  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### 24. Efni til kynningar:

- Frá Vegagerð ríkisins – tilkynning um niðurfellingu Lómatjarnarveggar (3002-01) af vegaskrá
- Minnispunktur fundar með Vegagerðinni á Selfossi – vegna samgöngumála í Flóahreppi
- Samningur – Flóahreppur heilsueflandi samfélag
- Verkefnið Sinfóníuhljómsveit Suðurlands - kynning

#### 25. Önnur mál:

##### a) **Erindi frá Gagnaveitu Reykjavíkur – ósk um framkvæmdaleyfi**

Lagt fram erindi frá Gagnaveitu Reykjavíkur þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi til lagningar á ljósleiðara með Skeiðavegi innan marka Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umbeðið leyfi með fyrirvara um að gengið verði frá jarðvegi og ekki verði rask á reiðvegi sem liggur með Skeiðavegi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 26. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)  
Rósa Matthíasdóttir (sign)  
Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)  
Hrafnkell Guðnason (sign)  
Eyðís Þ. Indriðadóttir (sign)